



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði, með fyrirvara, að ganga til samninga við húsnæðissjálfsseignarstofnunina, Andrastaði hses, um undirbúning og nýtingu á þremur rýmum fyrir einstaklinga sem fá stuðning á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Fyrirvari verði gerður um kostnað og inntak þjónustu.

Greinargerð:

Vorið 2018 áttu sveitarfélögin Reykjavík, Hafnarfjörður og Mosfellsbær í viðræðum um að koma sameiginlega að uppbyggingu heimilis fyrir einstaklinga sem sökum þroskahamlana, vímuefnanotkunar og hegðunarvanda ættu erfitt með að fóta sig í samfélaginu og þyrftu á úrræði að halda utan þéttbýlis til nokkurra ára. Ákveðið var að styðja við hugmynd Andrastaða um byggingu heimilis í sveit, en rekstraraðilar hafa langa reynslu af vinnu með sambærilegum hópi, m.a. í Ásgarði í Mosfellsbæ og í Svíþjóð. Andrastaðir munu byggja og reka íbúðakjarna ásamt þjónusturými fyrir fatlað fólk á Hólalandi á Kjalarnesi og sjálfsseignarfélagið Embla, mun annast rekstur þjónustunnar. Um er að ræða þjónustukjarna með sjö íbúðum fyrir einstaklinga.

Af hálfu velferðarsviðs er horft til þess að fólk sem er að takast á við hegðunar og/eða fíknivanda geti nýtt sér búsetu og stuðning á Andrastöðum. Ljóst er að það getur hentað fyrir marga sem þegar eiga samþykktar umsóknir um heimili fyrir fatlað fólk og/eða stoðþjónustu fyrir fatlað fólk sem ekki hefur verið unnt að mæta. Fyrirhugað heimili á Andrastöðum er ætlað hópi einstaklinga sem erfitt reynist að þjónusta í hefðbundnum úrræðum í þéttbýli svo sem vegna áhættuhegðunar, sögu um vímuefnanotkun, einhverfu og mögulegrar þroskahömlunar. Á Andrastöðum er markmiðið að skapa umhverfi og aðstæður þar sem hægt er að vinna með einstaklinginn út frá hans eigin forsendum og einblína á styrkleika, möguleika, áhugamál og framtíð. Með það að leiðarljósi er tekist á við vandamálin. Reynslan hefur sýnt að til að veita viðeigandi stuðning þarf í sumum tilfellum að vera unnt að bjóða heimili þar sem fólk fær tækifæri til að skipta tímabundið um félagslegt umhverfi til að unnt sé að mæta þörfum þess á heildrænan og einstaklingsmiðaðan hátt. Mikið ákall hefur einnig verið hjá foreldrum ungs fólks um úrræði þar sem hægt er veita stuðning fyrir utan það borgarsamfélag sem

þau ráða oft illa við. Andrastaðir fjölga valmöguleikum fatlaðs fólks varðandi stuðning og búsetu. Samkvæmt þarfagreiningu velferðarsviðs er talin eftirspurn og þörf eftir heimili eins og til stendur að koma á fót á Kjalarnesi.

Lóðin á Kjalarnesi er tilbúin og búið er að afla allra tilskilinna leyfa. Því óska Andrastaðir eftir samþykki velferðarsviðs og undirritun meðfylgjandi samnings áður en umsókn fyrirtækisins um stofnframlög verður afgreidd hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur þegar veitt samþykki til undirritunar, einnig fjölskylduráð Hafnarfjarðar með fyrirvara. Samkvæmt samningnum skuldbindur velferðarsvið sig til að úthluta þremur einstaklingum plássum í úrræðinu og greiða fyrir veittan stuðning og hluta af leigu. Þá greiðir hvert sveitarfélag einnig kr. 500 þúsund í einskíptis gjald fyrir fyrstu þrjá einstaklingana. Gjaldið kemur til móts við ýmsan tilfallandi kostnað sem fylgir fyrstu íbúum. Enginn kostnaður er fyrir árin 2020 og 2021. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði fyrr en heimilið opnar en sú dagsetning liggur ekki fyrir.

Fylgiskjöl:

-Drög að samningi Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar við Andrastaði hses. um úthlutun á íbúðum.

-Þjónustulýsing Andrastaða.